



utivist.is

ÚTIVIST

2025



50 ára

FRÍTT
eintak

Við fylgjum þér á toppinn



Skref fyrir skref, árstíð fyrir árstíð. Þótt veturinn heilsa lætur útivistarfólkið ekkert stöðva sig. Njóttu þess að hreyfa þig, fanga frelsið og fylla lungun af súrefni í þægilegum og öruggum búnaði. Við eigum Scarpa gönguskó fyrir allar aðstæður.

GARMIN®

HEI MA

ER NÆR ÞÉR EN ÞÚ HELDUR

INREACH TÆKIN FRÁ GARMIN

Vertu í öruggu sambandi, hvar sem þú ert, hvert sem þú ferð. Ekki er hægt að treysta á símasamband ef eitthvað kemur uppá. Með inReach gervihnattasambandi nærðu sambandi heim með textaskilaboðum, getur sent neyðarkall á viðbragðsaðila og verið með ferilrakningu ef þú vilt leyfa þínum nánustu að fylgjast með ferðum þínum.



 GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS

Útivist í 50 ár



Ferðaáætlun Útivistar fyrir árið 2025 er metnaðarfull og litast nokkuð af því að félagið fagnar 50 ára afmæli á árinu. Í ferðaáætlun ársins verða í boði sérstakar afmælisferðir þar sem lögð verður áhersla á að kynnast nýjum svæðum og jafnframt að endurnýja kynni við svæði sem eru Útivistarfélögum vel kunn frá fornu fari. Afmælisferðir eru sérstaklega merktar í ferðaáætlun ársins og þar er leitast við að bjóða ferðalöngum upp á fræðandi og skemmtilegar ferðir á afar hagkvæmum kjörum.

Ferðafélagið Útivist var stofnað þann 23. mars árið 1975. Tilgangur félagsins er að stuðla að útivist og ferðamennsku um Ísland í hollu og óspilltu umhverfi. Félagið hvetur fólk til ferðalaga og hollrar útivistar og stendur að upplýsingagjöf um ferðir og ferðamöguleika. Það er jafnframt tilgangur félagsins að koma upp gistiskálum á Íslandi til að auðvelda ferðir um hálendið. Útivist er opið áhugamannafélag. Félagið er almenningsfélag. Það geta allir gerst félagsmenn. Fararstjórar félagsins eru sjálfbóðaliðar og félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

Útivist á sér áhugaverða sögu. Félagið fékk afhent til umsýonar aðstöðu í Básum á Goðalandi við Þórsmörk. Þar byggði félagið upp skála og kom upp aðstöðu fyrir tjaldgesti. Félagið fékk aðstöðuna í umboði Skógræktarinnar. Uppbygging á vegum Útivistar í Básum hófst 1980 en þar var reistur fyrsti skáli félagsins. Það má segja að Básarnir hafi verið hjartað í starfsemi félagsins frá upphafi. Básar eru öllum opnar. Þar geta allir fengið gistingu í skálum félagsins og nýtt sér tjaldaðstöðuna. Það eru ekki margir staðir á Íslandi þar sem fólk getur tjaldað í náttúrulegum birkiskógi sem er umkringdur af jöklum og náttúrufegurð. Það eru ófáir landsmenn sem eiga sinn stað í Básum og dvelja þar reglulega.

Útivist reisti skála á Fimmvörðuhálsi á árunum 1990 til 1991. Það hleypti lífi í gönguleiðina yfir Fimmvörðuháls sem var um árabil vinsælasta gönguferð á vegum félagsins. Þar var gist í Fimmvörðuskála og endað í Básum daginn eftir.

Útivist hefur staðið fyrir uppbyggingu ferðaleiða og skála í samstarfi við heimamenn í Skaftárhreppi. Það er verkefni sem félagið hóf árið 1996 með undirritun samstarfssamnings við Skaftárhrepp um endurbyggingu fornra gangnamannahúsa á svæðinu. Þar endurreisti félagið skála við Sveinstind, á Skælingum og við Álftavötn. Í framhaldi af þessum verkefnum fékk félagið leyfi til að reisa skála í Skófluklifi sem heitir Strútur eftir samnefndu fjalli. Útivist kynnti og bauð upp á gönguferðir frá Sveinstindi í Skælinga og Eldgjá og svo framhald á þeirri leið sem nefnist Strútsstígur. Þessar leiðir hafa náð fótfestu og eru frábær viðbót við ferðaleiðir á þessu svæði. Nánar má lesa um skála félagsins og þessar ferðir í þessari ferðaáætlun.

Það hefur verið stefna félagsins að byggja lágtstemmdar byggingar þar sem leitast er við að mannvirki og starfsemi öll hafi sem minnst áhrif á umhverfið og falli vel að landslagi og menningu svæðisins. Það er mín skoðun að það hafi tekist vel á þessum 50 árum sem félagið hefur starfað. Fjöldi sjálfbóðaliða hefur lagt sitt að mörkum til uppbyggingar á þessum skálum og án þeirra hefðu einfaldlega ekki verið til staðar neinar rekstrarlegar forsendur til að koma upp fjallaskálum á fáförnum stöðum.

Hálendið er einstök auðlind sem eins og aðrar auðlindir er takmörkuð. Þetta kemur æ betur í ljós þessa dagana, þar sem eignarhald á hálendinu, stýring og aðgengi er að taka á sig mynd. Við þessar aðstæður eiga frjáls og óhagnaðardrifin félagasamtök á borð við Útivist fullt erindi og mikilvægi félagsins líklega aldrei verið meira. Það skiptir máli að við höldum í ævintýrið og réttinn til að ferðast um hálendi og náttúru Íslands.

Guðfinnur Þór Pálsson
Formaður Útivistar



ÚTIVIST, ferðafélag
Katrínartúni 4, 105 Reykjavík
Netfang: utivist@utivist.is
Vefsíða: utivist.is

Sími
562 1000

Forsíumynd: Hjá Stórahver. Mynd: Kristjana Birgisdóttir

Auður Jónasdóttir AJ, Ásdís Elvardsdóttir ÁE, Fanney Gunnarsdóttir FG, Fríða Pálsdóttir FP, Guðrún Frimannsdóttir GF, Gunnar Hólm Hjálmarsson GHH, Guðlaug Jónsdóttir GJ, Guðrún Svava Viðarsdóttir GS, Gunnar S Guðmundsson GSG, Grétar William Guðbergsson GWG, Hrönn Baldursdóttir HB, Hanna Guðmundsdóttir HG, Helga Kristinsdóttir HK, Ingibjörg Guðmundsdóttir IG, Ingibjörg Eiríksdóttir ÍBÍ, Kristjana Birgisdóttir KB, Kristján Kristinnsson KK, Margrét Björnsdóttir MB, Óþekktur NN, Robert Marshall RM, Steinar Frimannson SF, Skúli H. Skúlason SHS, Sveinn Kjartansson SK, Skúli Már SM, Steinar Sólveigarson STS, Sigurður Sigurðarson SS, Vala Friðriksdóttir VF, Páll Arnarson PA.

Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Útivist.

Ábyrgðarmaður: Hörður Magnússon
Auglýsingar og umbrot: Ritform ehf.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja - Desember 2024



Helga Reynisdóttir

Ljós móðir og talskona umferðaröryggis barna



Hvaða öryggisatriði skipta þig mestu máli þegar þú keyrir af stað?

Dekkin eru eini snertiflötur þinn við veginn í akstri og einn mikilvægasti öryggisbúnaður bílsins. Ekki keyra á hverju sem er með allt þitt meðferðis.

Bókaðu tíma í dekkjaskipti á klettur.is og fáðu þér vonduð dekk frá Goodyear undir bílinn.

Þú finnur verkstæðin okkar á eftirfarandi stöðum:

- Klettagörðum
- Lynghálsi
- Hátúni
- Suðurhrauni

GOODYEAR

KLETTUR



GWG



SHS



FG

6

Afmælishátíð í Básam 20. – 22. júní

Þegar haldið er upp á stórafmæli er við hæfi að slá upp veislu og bjóða heim. Fyrir okkur í Útivist er enginn staður sem hentar betur en svæðið okkar fallega í Básam á Goðalandi. Þar hefur Útivist efnt til gönguferða og fagnaðar um Jónsmessu árum saman og nú stendur mikið til.

Það eru margar leiðir til að taka þátt í hátíðinni en aðalatriðið er útivera, gleði og gaman.

Aðfaranótt 21. júní er boðið upp á hina árlegu Jónsmessunætur göngu Útivistar. Nóttin er björt, jöklar varða leiðina og á leiðinni yfir hálsinn eru ummerki eftir eldgosíð árið 2010 skoðuð. Þegar komið er í Básam að lokinni göngu gefst færi á að slaka á í dásamlegu umhverfi eftir útiveru næturinnar. Þeir sem vilja taka því heldur rólegar geta gísta á leiðinni í Fimmvörðuskála og rölt niður í hátíðahöldin í Básam daginn eftir.

Einnig má sleppa Fimmvörðuhálgöngu og fara beint í Básam. Í Básam má gísta í tjöldum eða skála og byrjar samveran á rólegu föstudagskvöldi og svo á laugardeginum verður boðið upp á dagsgöngur við allra hæfi, bæði stuttar og fjölskylduvænar, sem og lengri ferðir. M.a. verður boðið upp á skutl að Gígjökli og að ganga með lokaáfangi raðgöngunnar 'Að heiman og heim' aftur til baka heim í Básam.

Á laugar dagskvöldinu tekur svo margrómuð Útivistargleðin völdin þegar allir hóparnir hittast, slegið er upp afmælisgrillveislu og varðeldi.

Tryggið ykkur pláss: 15% afsláttur ef pantað er fyrir 1. apríl.



SF



SHS



NN





EWG

ER ÚTIVISTARGÍRINN EITTHVAÐ FYRIR ÞIG?

Fjölmargin hafa tekið sín fyrstu skref í útivist og fjallgöngum með Útivistargírnum þar sem saman koma nýliðar og reynsluboltar í útivistinni. Kvöldgöngurnar eru hugsaðar fyrir byrjendur í útivist og eru léttar eins skóa göngur. Þær henta flestum þeim sem geta hreyft sig með góðu móti sem og nýliðum í útivist og hvetjum við einnig þá sem vanari eru göngum að taka þátt með okkur.

Dagskrá Útivistargírsins vorið 2025 hefst í apríl og lýkur í maí. Haustdagskrá er í ágúst og september. Í kvöldgöngum er farið yfir grunnatriði í útivist og gönguferðum og fjölbreytt starfsemi Útivistar kynnt, en þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Gönguleiðirnar eru fjölbreyttar og er tekið mið af veðri og færð hverju sinni.

Göngurnar taka 2 - 3 klukkustundir og koma þátttakendur sér á staðinn á einkabilum.

Í tilefni afmælisársins mun Útivist bjóða almenningi að taka þátt öllum að kostnaðarlausu! Kynntu þér Útivistargírinn á utivist.is, þar má finna dagskrá þegar þar að kemur ásamt upplýsingum um skráningu.

Hengilshreysti

Hengilshreysti er lokaður gönguhópur fyrir vant göngufólk. Gengnar verða fjölbreyttar leiðir á Hengilssvæðinu og í nágrenni Nesjavalla. Hengilssvæðið er einstaklega fallegt og fjölbreytt svæði og gaman að ganga þar um. Hengilshreysti er fimm vikna gönguprógram og verða göngurnar sex, fjórar kvöldferðir og tvær dagsferðir. Fyrsta ferðin verður síðustu helgina í apríl. Erfiðleikastig er 2 skór og munu alltaf tveir fararstjórar vera með hópnum.



GS



KB

Með allt á bakinu:

Byrjendanámskeið í bakpokaferðum

Hefur þig alltaf langað til að prófa bakpokaferðir, en veist ekki hvar á að byrja? Eða er einfaldlega bara of langt síðan síðast og þú vilt rifja þetta upp. Námskeiðið „Með allt á bakinu – byrjendanámskeið í bakpokaferðum“ er þá fyrir þig!

Hvort sem þú ert að byrja á því að ganga með allan búnað á bakinu eða hefur ekki gert það í langan tíma og vilt rifja það upp, þá færðu á þessu námskeiði þá þekkingu og reynslu sem þarf til að takast á við lengri ferðir á eigin vegum.

Á námskeiðinu er farið yfir grunnatriði bakpokaferðalaga með skemmtilegum fyrirlesturum og dagsferðum, þar sem þú lærir allt frá því að velja réttan bakpoka og pakka snjallt, til að tjalda, elda úti og velja leiðir í náttúrunni. Þú færð tækifæri til að prófa

búnaðinn þinn í öruggu og skipulögðu umhverfi og undirbúa þig fyrir lengri ferðir, allt undir leiðsögn reynslubolta.

Fararstjórar og leiðbeinendur: Hrönn Baldursdóttir og Íris Brund Halldórsdóttir

Dagskrá námskeiðsins:

Febrúar - grunnurinn lagður

Mars - æfingarferð og nánar um tjaldferðir

Apríl - dagsferð og fyrirlestur

Maí - tjaldað yfir nótt

Júní - helgarferð með allt á bakinu



CATALYST 2025
Mountain
Riot
ZR

Catalyst er ný hönnun. Miklu líprari í akstri.
Nú fáanlegir í vélarstærðum 600 og 853 CC.



ARCTIC SPORT

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 578-0820 - www.arcticsport.is



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.

Bílstöðvar, handstöðvar
og mikið úrval aukahluta

ICOM



VHF talstöðin með
Bluetooth í hjálminn.



VHF bílstöð með hljóðnema með
innbyggðri stjórn allra aðgerða.



Friðrik A. Jónsson ehf - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - S: 552 2111 - www.faj.is



NN

Fjallaskálar Útivistar

Strax eftir stofnun Útivistar í mars 1975 hófust umræður um byggingu fjallaskála og leit að hentugri staðsetningu. Áhugi var fyrir Þórsmerkursvæðinu og eftir skoðun og samning við skipulagsyfirkvöld var ákveðinn staður í Básum á Goðalandi á Þórsmerkursvæðinu, þar sem hjarta Útivistar slær í dag. Nú fimmtíu árum síðar rekur Útivist sjö fjallaskála. Næst á eftir skálunum í Básum kom Fimmvörðuskáli á Fimmvörðuhálsi 1991.

Eftir samning Útivistar og sveitarstjórnar Skaftárhrepps um ferðamál í hreppnum voru þrjú gangnamannahús á Skaftártungvafrétti endurbýggð og hafa verið í umsjá Útivistar síðan.

Fyrst var endurbýggður skáli í Skælingum 1996 – 1997, síðan skálinn við Sveinstind 1999 og skálinn við Álftavötn 2001. Til að geta boðið gistaðaði með þægilegum dagleiðum á gönguleiðunum á milli Sveinstinds og Hvanngils byggði Útivist vandaðan og vistlegan skála undir fjallinu Strút við norðanverðan Mælifellssand árið 2002.

Einnig hefur Útivist lokið við smíði Tindfjallasels í Tindfjölum með samningi við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík. Þar er boðið upp á gistingu fyrir allt að 30 manns í vel búnu og vistlegu húsi.



HK



KA



10

NN



SM





Horn í horn I- frá Eystra-Horni að Jökulsá á Fjöllum (Upptyppingum)

Síðasta sumar hóf hópur frá Útivist fjögurra ára göngu sína frá Horni í Horn. Sá hópur mun halda áfram göngu sinni þaðan sem frá var horfið og mun ganga legg II næst. Vegna mikils áhuga á leiðangrinum Horn í Horn á síðasta ári var ákveðið að annar leiðangur hæfi göngu sína á þessu ári frá Eystra - Horni. Ef næg þátttaka fæst mun nýr hópur ganga legg eitt í sumar.

Leiðin liggur þvert yfir landið frá suðaustri til norðvestur. Einn leggur verður genginn á hverju sumri og mun hver leggur taka átta til tíu göngudaga. Ferðin hefst við Eystra-Horn sumarið 2025

og endar í Hornvík 2028. Gist verður í skálum þar sem þeir standa til boða en annars staðar er gert ráð fyrir gistingu í tjöldum. Ferðin verður trússuð eftir því sem við verður komið.

Ferðin í sumar stendur frá 16. júlí til 26. júlí. Fyrsta daginn er farið austur og 17. júlí hefst gangan. Ferðin er trússuð fyrir utan tvo daga þegar gengið er um Lónsöræfi en þá þarf að bera svefnpoka og mat til tveggja daga. Gist er í skálum þar. En annars er tjaldað. Nánari ferðalýsing er á utivist.is. Kynningarfundur verður í janúar og verður auglýstur síðar.


Horn í horn II - frá Snæfelli að Fjórðungsöldu

Nú er komið að öðrum legg í Horn í Horn leiðangrinum sem hófst síðasta sumar. Að þessu sinni verður gengið í 7 gönguáföngum frá Snæfelli og um hraun og sanda allt austur að Fjórðungsöldu við Sprengisandsleið.

Við tökum rútu frá Reykjavík 18. júlí og tjöldum í Snæfelli. Frá Snæfelli er haldið að stíflu við Kárahnjúka, svo er haldið um Þríhyrningsfjallgarð og Grænavatn í norðaustur að brúnni yfir Kreppu. Gengið austan Jökulsár að brúnni við Upptyppinga og svo sunnan Vaðöldu framhjá Holuhrauni. Farið yfir hraunið milli

Trölladyngju og Þríhyrnings og svo stefnt í suðvestur að Hitulaug. Síðasta göngudaginn, 25. júlí er haldið beint í vestur og endað við sunnanvert Fjórðungsvatn. Þaðan tökum við rútna aftur til Reykjavíkur. Ferðin er trússuð og stefnt að því að hitta bílinn og búnaðinn öll kvöld. Gist er í eigin tjöldum og er mælt með 4. árstíða tjöldum.

Nánari ferðalýsing er á utivist.is Kynningarfundur verður í janúar og verður auglýstur síðar.



ÚTIVISTAFÓLK

Motorola fjarskiptabúnaður tryggir gott samband.

Þegar gæði og þjónusta skipta máli!



Skálinn er gamall gangnamannaskáli
sem var endurreistur í samhentu átaki
Útivistarfólks 1999



VF

Sveinstindur

GPS-hnit N 64°05,176 / V 18°24,946

Gistipláss í skála eru 18 talsins

Tjaldstæði

Salernishús (rennandi vatn yfir hásumarið)

Gestir þurfa að koma með eigin salernispappír
Gashellur, eldunaráhöld og borðbúnaður

Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):

5.066 kr. fyrir félagsmenn

9.400 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Sveinstindur

Langsjór

Hringleið um Langasjó

Fögrufjöll

Fimmvörðuskáli

GPS-hnit er N 63°37,320 / W
19°27,093

Opinn 15. júní til 31. ágúst.

Símanúmer í skála 893 4910

Gistipláss í skála eru 20 talsins

Salerni

Gashellur til eldunar

Eldunaráhöld og borðbúnaður

Verð á gistingu í skála (með
gistináttaskatti):

6.166 kr. fyrir félagsmenn. 12000

kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi

– Magni og Móði

Eyjafjallajökull

Mýrdalsjökull

Þórsmörk

Tilvalið að gista í skálanum á leið
yfir Fimmvörðuháls

Fimmvörðuskáli var upphaflega byggður af
Fjallamönnum 1940 og var endurreistur í samhentu
átaki Útivistarfólks 1990 – 1991



NN

Skælingar

GPS-hnit N 63°58,849 / V 18°31,319

Gistipláss í skála eru 16 talsins

Tjaldstæði. Salernishús

Vatn er sótt í lækinn

Steinoliuofn til upphitunar

Gashellur, eldunaráhöld og borðbúnaður

Gestir þurfa að koma með eigin

salernispappír

Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):

5.066 kr. fyrir félagsmenn. 9.400 kr. fyrir

aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Gjåtindur

Eldgjá

Uxatindar

Grettir

Skálinn er gamall gangnamannaskáli
sem var endurreistur í samhentu átaki
Útivistarfólks 1996 – 1997





80%

fækkun **umferðaslysa**
eftir að göngin opnuðu

Öruggari leið í gegnum Vaðlaheiðargöng

Engin umferðaslys hafa orðið í göngunum á þeim
fimm árum sem liðin eru frá opnun þeirra

● 2014-2018 **27 umferðaslys** þar af 4 alvarleg*

● 2019-2023 **5 umferðaslys** þar af 2 alvarleg*

*Heimild: Slysakort Samgöngustofu



VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG





NN

Víkna-slóðir - kvennaferð

Upplifðu kyrrláta feegurð Víkna-slóða - Hægferð fyrir þær sem vilja njóta í rólegheitum

Víkna-slóðir eru margrómað gönguland þar sem óviðjafnanleg náttúrufergurð og friðsæld sameinast í einstaka upplifun. Þetta er ferð fyrir þær sem vilja draga andann djúpt, ganga með hóflegu tempói og njóta augnabliksins. Gangan hefst og endar í Bakkagerði í Borgarfirði eystri, þar sem þú getur dregið þig í hlé frá ys og þys hversdagsins og leyft þér að sökkva inn í einstaka náttúru Austfjarða. Við köllum þetta hægferð þar sem

dagleiðirnar eru vel viðráðanlegar – lengstu dagleiðirnar um 15 km – og mesta hækkunin er 920 metrar. Ferðin er sérstaklega vel fallin fyrir konur sem vilja sameina útivist og afslöppun í fallegu umhverfi. Þetta er ekki kapphlaup heldur ferð þar sem áhersla er lögð á að skoða, upplifa og njóta. Vertu með í ferð sem fyllir hugann ró og hjartað gleði á þessum einstaka hluta Íslands. Kynntu þér kyrrláta en stórbrotnu Víkna-slóðir – þú munt ekki verða svikin.

Ferðin verður 6. til 9. ágúst.

Náttúruverndarstefna Útivistar

„Tilgangur Útivistar er að stuðla að útivist fólks í hollu og óspilltu umhverfi“.

Til að ná fram tilgangi félagsins eins og hann birtist í lögum þess er sjálfbær og vistvæn ferðamennska höfð að leiðarljósi. Óspillt náttúra er undirstaða starfsemi félagsins og því leggur það megináherslu á að vernda náttúruna og að sporna gegn hvers konar náttúruspjöllum með eftirfarandi með eftirfarandi í huga:

- Útivist vill stuðla að og tryggja almannarétt þannig að aðgengi almennings að náttúru Íslands sé óheft án þess þó að landfræðilegum og líffræðilegum fjölbreytileika náttúrunnar sé stefnt í hættu.
- Útivist vill vernda náttúru Íslands fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa alvarleg áhrif á náttúruna eða raska henni varanlega.
- Útivist vill starfa með aðilum sem vinna að náttúruvernd og stefna að framangreindum markmiðum.
- Útivist mun leitast við að fræða félagsmenn og þátttakendur í ferðum félagsins um náttúruvernd og vistvæna ferðamennsku.
- Útivist mun bæta fyrir neikvæð áhrif sem starfsemi félagsins hefur á náttúruna.

Stjórn Útivistar kemur fram fyrir hönd félagsmanna sinna á opinberum vettvangi í því skyni að tryggja stefnu félagsins í náttúruverndarmálum.



Skálinn var reistur í samhentu átaki Útivistarfólks 2001

Strútur á Mælifellssandi

GPS-hnit N63°50,330 / V 18°58,477

Gistipláss í skála eru 26 talsins

Tjaldsvæði við skála

Vatnssalerni yfir hásumarið

Sturta (verð 600 kr.) yfir hásumarið

Gashellur, eldunaráhöld og borðbúnaður

Grill

Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):

5.666 kr. fyrir félagsmenn. 12.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Strútur

Strútslaug

Mælifell

Torfajökulssvæðið

Krókagil

THULE[®]
SWEDEN

Tilbúinn í ævintýrin?

Þú færð Thule tjöld, hjólafestingar, ferðabox, skíðafestingar, boga og toppgrindur hjá okkur



 **Stilling**
Gæðin skipta okkur máli

Reykjavík
Bíldshöfði 10

Hafnarfjörður
Bæjarhraun 6

Akureyri
Baldursnes 4

Selfoss
Hrísmýri 2a

www.stilling.is • Sími: 520 8000 • stilling@stilling.is



GF



PA



NN



GS



HB



SK



HG

Fararstjórar Útivistar

Fararstjórar hafa í 50 ár verið einn af hornsteinum í starfi Útivistar. Fararstjórn í félaginu er unnin af áhuga og elju í sjálfboðastarfi enda félagið áhugafélag sem vill stuðla að útivist fólks í hollu og óspilltu umhverfi. Fyrstu fararstjórar Útivistar voru reyndir fararstjórar frá Ferðafélagi Íslands. En það segir sig sjálfst að þegar boðið var upp á meira en 100 ferðir á ári, þurftu margir að koma að verki. Lengi var leiðin sú að sjá hverjir væri góðir og reyndir ferðamenn og biðja þá um að taka að sér fararstjórn. Þeir sem svöruðu kalli lærðu síðan hver af öðrum og hafa margir getið sér mjög gott orð.

Um 1996 var auglýst eftir áhugasömum fararstjórum og í framhaldi af því var haldið viðamikili námskeiði þar sem reynslunni var miðlað. Síðan hafa verið haldin styttri námskeiði fyrir nýja fararstjóra en þau námskeiði hafa líka verið vettvangur til að ræða um vinnubrögð og fleira. Skyndihjálparnámskeiði hafa verið haldin reglulega og einnig hefur verið boðið upp á námskeiði í rötun, bæði notkun áttavita og korta og einnig GPS. Það hefur verið leyst fyrir einstaka fararstjóra með því að greiða fyrir opin námskeiði.

Önnur námskeiði hafa verið haldin svo sem um umhverfismál, hópstjórn og fleira. Auk þess hafa verið farnar fararstjóraferðir í Bása og víðar þar sem fararstjórar hafa verið þjálfaðir í þverun straumvatna, línuvinnu og klifri. Einnig hafa verið farnar ferðir með t.d. jarðfræðingum sem fræða um tiltekin svæði.

Margir fararstjórar hafa bætt við sig námi í leiðsögn og gönguleiðsögn og starfa sem slíkir. Þannig að fararstjórn hjá Útivist hefur orðið fólki þrep í frekari þróun.



STS



HK



KB



Fjallabyggð

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR
OG ÓLAFSFJARÐAR



- BOTNALEIÐ
- FOSSDALUR
- HÉÐINSFJÖRÐUR
- HREPPSENDASÚLUR
- HVANNDALIR
- HVANNDALABJARG
- MÚLAKOLLA
- RAUÐSKÖRÐ
- SIGLUFJARÐARSKARÐ
- SIGLUNES
- OFL.



FJÖLMARGAR GÓÐAR GÖNGULEIÐIR
Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU



SJÁ GÖNGULEIÐALÝSINGAR
INN Á WWW.FJALLABYGGD.IS

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli

Vetraropnun (1. okt - 30. apr)
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 15:00

Sumaropnun (1. maí - 30. sept)
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 19:00

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli
Vallarbraut 16
s. 488-4295



Velkomin í Eldheima

Safn minninganna um eldgos í Vestmannaeyjum



www.eldheimar.is - eldheimar@vestmannaeyjar.is - Sími 488 2000

Landmannalaugar – Strútur - afmælisferð

Tjaldferð með allt á bakinu frá Landmannalaugum í Strút um Grænahrygg, Hattver, Muggudal og Hólmsárbotna í Strútslaug og þaðan í Strút. Þar er sameinast gönguferð um Eldgjá og grillað að hætti Útivistar.

5. ágúst

Farið kl. 7. með rútu úr Reykjavík í Landmannalaugar þar sem gangan hefst. Haldið inn í Hattver þar sem gíst verður í eigin tjöldum. Ef tími gefst er hægt að ganga að Grænahrygg.

6. ágúst

Gengið um Muggudal að Hólmsárbotnum og í Strútslaug þar sem tilvalið er að skola vel af sér ferðarykið. Svo göngum við í skála Útivistar í Strút þar sem við hittum fyrir aðra ferðalanga í afmælisferð um Eldgjá og höldum vel upp á afmæli Útivistar.

7. ágúst

Rútan tekin í bæinn eftir hádegj. Tækifæri gefst til að ganga með Eldgjárhópnum syðsta hluta Eldgjár um Háöldu í Öldufell fyrir brottför.





Daggöngur í tilefni 50 ára afmælis Útivistar

Afmælisganga á Keili

Fyrsta gönguferð Útivistar eftir stofnun félagsins var á Keili. Á hverju ári síðan þá hefur verið farin afmælisferð á fjallið. Farið er frá Höskuldarvöllum yfir hraunið að fjallinu. Og nú þegar haldið er upp á 50 ára afmæli Útivistar höldum við að sjálfsögðu í hefðina og bjóðum upp á köku og kakó fyrir þátttakendur. Við verðum með varaplan ef aðstæður á Reykjanesi krefjast þess. Farið með rútu frá Mjódd. Vegalengd 8 km. Hækkun 200 m. Göngutími 4 klst.

Að heiman og heim – afmælisraðganga

Hjarta Útivistar slær í Básam á Goðalandi í Þórsmörk. Útivist byggði fyrsta skála sinn þar um 1980 og hafa félagar átt þar ófáar gleðistundir við leiki og störf. Árið 1990 var farin raðganga frá Reykjavík í Básam sem enn er í minnum höfð. Og nú á 50 ára afmæli Útivistar ætlum við að endurtaka leikinn. Áfangarnir eru tíu. Við hefjum leik í janúar og síðasta gangan endar í Básam á afmælishátíð félagsins 21. júní. Fyrirkomulagið verður þannig að farið verður á eigin bílum og safnast saman við endastöð göngunnar. Sameinast í bíla og ekið að upphafsstað. Verði er haldið í algjöru lágmarki og vonum við að sem flestir gangi með okkur að hluta eða alla leið. Leiðarlýsing og áfangar miðast við aðstæður og geta breyst.



Vísindapakinn – Dagsferðir í samstarfi við HÍN

Í 50 ára starfi Útivistar hefur gjarnan verið blandað saman góðum gönguferðum og skemmtilegri fræðslu. Í tilefni afmælisins efnir Útivist í samstarfi við Hið íslenska náttúrufræðifélag til skemmtilegra og fræðandi vísindaferða þar sem allir eru velkomnir. Farið er á eigin bílum á valda staði í nágrenni höfuðborgarinnar. Staðsetning er valin eftir aðstæðum og verður auglýst vel. Sérfræðingar frá HÍN verða með í för og fræða þátttakendur um undir náttúrunnar. Sumar ferðirnar eru mjög hentugar sem fjölskylduferðir og við vekjum athygli á að í þessari ferðir verður frítt fyrir börn og unglinga upp að 17 ára aldri.

VIRÐING FYRIR NÁTTÚRUNNI

Íslensk náttúra, með jöklum, hraunbreiðum, eldfjöllum og hverum, er einstök en viðkvæm.

Með því að endurvinna, velja umhverfisvænar lausnir og takmarka notkun einnota vara sýnum við náttúrunni virðingu og tryggjum að komandi kynslóðir geti líka notið fegurðar hennar og sérstöðu.

 VÍNBUÐIN

GG Sport óskar Útivist til hamingju með 50 ára afmælið

GG  SPORT

Stingum af...



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 •
ggsport.is Opið virka daga 10-17 og laugardaga 11-15



GS

DAGSFERÐIR

Allt frá stofnun félagsins hafa dagsferðir verið einn af hornsteinum í starfsemi Útivistar. Dagsferðir eru á dagskrá alla mánuði ársins en eru færri yfir háveturinn og í júlí. Þátttakendur bóka sig í ferðirnar á vef Útivistar og er hægt að bóka sig til kl. 13 á föstudögum. Dagsferðir geta fallið niður vegna veðurs eða ef þátttaka er ekki nægjanleg og er ákvörðun um það tekin kl. 13 á föstudögum.

Rútur eru notaðar í sumum dagsferðum og er sá kostnaður innifalinn í verði ferðarinnar. Brottför rútu er frá bílastæðinu vestan við Breiðholtskirkju (Kópavogsmegin) innan við Sambíóin en annars er upphafsstaður ferðar auglýstur sérstaklega.



HG



HG



GWG



IBÍ

18. jan	Raðganga - Að heiman og heim - 1. leggur
15. feb	Raðganga - Að heiman og heim - 2. leggur
15. mars	Raðganga - Að heiman og heim - 3. leggur
22. mars	Afmælisferð á Keili
5. apr	Dagferð á Þingvelli - Íslendingasögubema
12. apr	Jarðfræðiferð - Vísindapakinn
12. apr	Raðganga - Að heiman og heim - 4. leggur
26. apr	Raðganga - Að heiman og heim - 5. leggur
3. maí	Fuglaferð - Vísindapakinn fjölskylduferð
10. maí	Þrihyrningur - Íslendingasögubema
10. maí	Raðganga - Að heiman og heim - 6. leggur
24. maí	Raðganga - Að heiman og heim - 7. leggur
31. maí	Grasafræði - Vísindapakinn
7. júní	Raðganga - Að heiman og heim - 8. leggur

14. júní	Raðganga - Að heiman og heim - 9. leggur
14. eða 15. júní	Sumarsólstöður á Snæfellsjökli
16. júní	Leggjabrjótur aðfaranótt 17. júní
21. júní	Raðganga - Að heiman og heim - 10. leggur
12. júlí	Grænihryggur
19. júlí	Fimmvörðuháls dagsferð
17. ágúst	Arnardalsskarð á Snæfellsnesi
24. ágúst	Sveppaferð - Vísindapakinn fjölskylduferð
30. ágúst	Bjarnarfell
6. sept.	Skjaldbreiður
20. sept.	Fjörufurð - Vísindapakinn fjölskylduferð
27. sept.	Hafnarfjall hringur
11. okt.	Kattatjarnarleið
29. nóv.	Óvissu aðventuferð fyrir alla fjölskylduna



HC



GMH

JEPPAFERÐIR

Í ferðum jeppadeildarinnar koma þátttakendur á eigin jeppum. Ferðast er í hóp undir leiðsögn fararstjóra sem hafa góða reynslu af jeppaferðum. Bæði er um að ræða vetrarferðir þar sem gerðar eru sérstakar kröfur um búnað jeppanna, svo og sumar- og haustferðir sem henta lítið breyttum eða óbreyttum jeppum.

Dagskrá jeppadeildarinnar er afar fjölbreytt. Þar má m.a. finna nokkrar ferðir á Vatnajökul. Jeppaferð á Vatnajökul á vel breyttum jeppa er stórkostleg upplifun, en krefst varúðar, kunnáttu og þekkingar á jöklinum. Það er því góður kostur að upplifa jökulinn undir öruggri leiðsögn fararstjóra okkar sem eiga að baki fjölmargar jeppaferðir á þessar slóðir. Sumarleyfisferðin vinsæla verður um slóðir norðan Vatnajökuls og hentar flestum jeppum.

Fundur með þátttakendum er haldinn í aðdraganda ferðar þar sem m.a. er farið yfir búnað bíla, almennan búnað, umgengni í skálum o.fl. Þá er rétt að vekja athygli á að nauðsynlegt er að vera með VHF rás Útivistar í öllum bílum. Forráðamenn bíla í ferðum jeppadeildarinnar verða að vera félagsmenn í Útivist.

4/1 - 5/1.	Þrettándastuð í Þórsmörk. Jeppa- og gönguskíðaferð
17/1 - 19/1.	Eyfirðingaleið norðan jökla
8/3 - 9/3.	Fjallabak syðra
29/3 - 30/3.	Eyjafjallajökull - Fimmvörðuháls - Mýrdalsjökull
4/4 - 6/4.	Vestur Vatnajökull
24/4 - 27/4.	Vorferð jeppadeildar á Vatnajökul, ferð 1
24/4 - 27/4.	Vorferð jeppadeildar á Vatnajökul, ferð 2
1/8 - 4/8.	Sumarleyfisferð jeppadeildar - Sprengisandur - Mývatn - Dyngjufjalladalur
19/9 - 21/9.	Fjallabak syðra, Hungurfit - Strútur
4/10 - 5/10.	Bárðargata
8/11 - 9/11.	Fjallabak nyrðra - Mælifellssandur



SHS



KK



Ert þú félagsmaður?

Félagsmönnum í Útivist fjölga jafnt og þétt, enda margar góðar ástæður til að gerast félagi. Fyrir marga dugar sú ágæta ástæða að Útivist er félag sem vinnur að því að auka möguleika almennings á að ferðast um okkar fallega land. Aðrir hafa ánægju af starfinu, taka þátt í sjálfböðavinnu á vegum félagsins og njóta þess að vinna að margvíslegum verkefnum í góðum félagskap.

Ýmis hlunnindi fylgja því að vera félagi í Útivist:

- » Mikill afsláttur af ferðum, það borgar sig oftast strax að vera félagi
- » Mikill afsláttur af gistingu í skálum Útivistar og á tjaldsvæðum félagsins
- » Inneign upp í dagsferð á ferðaárinu
- » Afsláttur í ýmsum verslunum
- » Tilboð til félagsmanna.
- » Ókeypiss aðgangur í ferðir Útivistargírsins
- » Þátttaka í viðburðum sem skipulagðir eru af skemmti- og fræðslunefnd Útivistar

Athugið að alltaf þarf að sýna félagsskirteini þegar nýta á hlunnindi eða afslátt vegna félagsaðildar. Félagsskirteinin eru rafræn.



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

KJARNADU ÞIG Í KRAUMA



KRAUMA

+354 555 6066 / krauma@krauma.is / Deildartunguhver / 320 Reykholt

[f](#) [@](#) [@kraumageothermal](#)

HELGARFERÐIR

Gönguferðir yfir Fimmvörðuháls eru sívinsælar helgarferðir meðal útivistarfólks. Í ár líkt og fyrri ár erum við með í boði hægferðir yfir Fimmvörðuháls þar sem lögð er áhersla á að hafa rúman tíma í gönguna þannig að hægt sé að njóta náttúrunnar í rólegheitum. Þá er gíst í skála Útivistar efst á hálsinum. Þessar ferðir hafa notið mikilla vinsælda og jafnan komast færri að en vilja. Einnig er boðið upp á hraðferð þar sem farið er yfir hálsinn á einum degi.

Auk þess eru nokkrir fastir liðir í helgarferðum s.s. Grill og gaman í september, Aðventuferð í Bása fyrstu helgina í aðventu og Áramótaferð í Bása. Vert er að vekja sérstaka athygli á afmælisferð í Bása í júní þar sem haldið verður upp á 50 ára afmæli félagsins á ýmsan hátt, með dagsgöngum, næturgöngu yfir Fimmvörðuháls og veislu á laugardagskvöldinu. Einnig endurtökum við afar vinsælar ferðir þar sem tvö náttúruundur að Fjallabaki verða heimsótt, þ.e. Grænihryggur og uppspretta Rauðufossakvíslar sem jafnan gengur undir nafninu "Augað".

4/4 - 6/4	Skíðaferð í Tindfjöll
25/4 - 27/4	Nærandi náttúruhelgi - Jógaferð í Bása
20/6 - 22/6	Afmælishátíð í Básun og næturganga um Fimmvörðuháls
4/7 - 6/7	Fimmvörðuháls - hægferð
19/7 - 20/7	Fimmvörðuháls - hraðferð
25/7 - 27/7	Fimmvörðuháls - hægferð - fjölskylduferð
1/8 - 2/8	Fimmvörðuháls - hraðferð
8/8 - 10/8	Fimmvörðuháls - hægferð
16/8-17/8	Grænihryggur Augað
21/8 - 22/8	Grænihryggur Augað
22/8 - 24/8	Jógaferð til Vestmannaeyja
29/8 - 31/8	Tindar í Tindfjöllum
12/9 - 14/9	Grill og gaman í Básun
26/9 - 28/9	Tjaldferð - Kvígindisfell - Hvalvatn - Svartagil
31/10 - 2/11	Nærandi náttúruhelgi - Jógaferð í Bása
28/11 - 30/11	Aðventuferð í Bása
29/12 - 1/1	Áramótaferð í Bása



UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjanes
UNESCO
Global Geopark



IS



SHS



GHH



HG

KB



HG

LENGRI FERÐIR

Lengri ferðir eru göngur þar sem gengið er í þrjá daga eða fleiri. Í þessari dagskrá má finna bæði þekktar gönguleiðir eins og Strútsstíg og Sveinstind-Skælinga, en einnig minna þekktar leiðir um áhugaverð svæði. Farin verður spennandi kvennaferð á Víknaslóðir og Hornstrandir heimsóttar.

Afmælisferðir verða í byrjun ágúst. Þá verður farin skemmtileg könnunarferð eftir endilangri Eldgjá og á sama tíma í tjaldferð frá Landmannalaugum í Strút þar sem afmælisferðirnar sameinast.

Í ár heldur áfram áhugaverð raðganga sem við köllum Horn í Horn. Þar er gengið þvert yfir landið á fjórum árum frá suðaustri til norðvesturs, frá Eystra horni í Austur Skaftafellssýslu til Hornvíkur. Áfanginn í ár verður frá Snæfelli og endað við Fjórðungsöldu. Vegna mikillar eftirspurnar verður einnig boðið upp á að byrja frá upphafsreit og verður genginn aftur fyrsti áfanginn frá Eystra Horni að Upptýppingum.

Einnig verða í boði tvær bækestöðvaferðir fyrir 60 ára og eldri, annars vegar í Bása og hins vegar í Strút.

- 5/7 - 9/7. Laugavegur
- 5/7 - 8/7. Sveinstindur - Skælingar
- 5/7 - 8/7. Strútsstígur
- 9/7 - 13/7. Fjölskylduferð - Strútur
- 11/7 - 14/7. Hornstrandir Bækistöðvaferð
- 12/7 - 15/7. Perlur að Fjallabaki - úr Landmannahelli í Mosa
- 15/7 - 18/7. Sveinstindur - Skælingar
- 15/7 - 18/7. Strútsstígur
- 15/7-17/7. 60+ í Bása
- 19/7 - 23/7. Laugavegur, fyrsta nótt í Landmannalaugum
- 19/7 - 22/7. Tindfjöll - Hungurfit
- 16/7 - 26/7. Horn í Horn I: Eystra-Horn - Upptýppingar
- 18/7 - 25/7. Horn í Horn II: Snæfell - Fjórðungsalda
- 29/7 - 1/8. Sveinstindur - Skælingar
- 29/7 - 1/8. Strútsstígur
- 6/8 - 9/8. Víknaslóðir fyrir konur
- 4/8 - 7/8. Eldgjá endilöng, afmælisferð
- 5/8-7/8. Landmannalaugar Strútur, afmælisferð
- 11/8 - 14/8. 60+ í Strút
- 11/9 - 14/9. Laugavegur hraðferð

Útilíf

The North Face
hjálpur þér að halda
áfram og njóta þess að
komast lengra.

SMÁRALIND

SKEIFAN 11

KRINGLAN

UTILIF.IS

Jógaferðir



AJ

Jógaferð til Vestmannaeyja

Útivist býður upp á jóga-, göngu- og sjósundsferð til Vestmannaeyja dagana 22. - 24. ágúst í sumar. Lagt verður af stað á einkabílum frá Reykjavík snemma á föstudagsmorgni og Herjólfur tekinn til Vestmannaeyja. Gist verður í Hraunprýði sem er stór og rúmgóður skáli Skátafélagsins Faxa á Skátastykkinu í Eyjum. Farið verður í gönguferðir alla dagana um þessa fallegu eyju og náttúrunnar notið. Jóga verður iðkað kvöld og morgna og synt í sjónum eftir hentugleika. Öllum er velkomið að taka þátt og ekki er krafist neinnar fyrri reynslu af jógaíðkun. Innifalið í verði er fararstjórn, kvöldverður á veitingahúsinu Gott og skálagisting.

Fararstjóri er Auður Jónasdóttir gönguleiðsögukona og jógakennari og Eyrún Lind Magnúsdóttir gönguleiðsögukona.



Nærandi náttúruhelgi í Básam

Tvær jógaferðir í Básu 25/4 - 27/4 og 31/10 - 2/11

Þetta er einstakt tækifæri til að upplifa töfra Þórsmerkur og Goðalands í algjörrri ró og stillu. Markmið ferðarinnar er að aðstoða þig við að hlaða batteríin burt frá öllu áreiti á einum fallegasta stað landsins. Það er draumi líkast að fá að vera í Básam á þessum árstíma þar sem fáir eru á ferli og náttúran umlykur mann og nærir.

- Gist verður í skálum í Básam
- Rútuferð til og frá Þórsmerk
- Náttúrugöngur
- Hugleiðslur
- Morgunjóga fyrir öll getustig

Fararstjórar eru Anna Guðný Torfadóttir og Guðmundur Fannar Markússon (Mummi).

Það er okkur hjartans mál að hjálpa fólki að öðlast meiri hugarró, vellíðan og jafnvægi í daglegu lífi. Aðalatriðið er að fá rými til þess að tengjast sjálfum sér án alls áreitis í nærandi umhverfi. Sem er helsta ástæða þess að við viljum skapa helgi eins og þessa - þar sem þú ert umvafin orkugefandi umhverfi og nærð að núllstillta líkama og sál.



Ullarkistan

Hjá okkur finnur þú Merino ullarfatnað
fyrir alla fjölskylduna.
Í ýmsum þykktum og blöndum, til að nota
sem innsta lag eða millilag.
Bjóðum einnig mikið úrval af ullarsokkum
á stóra sem smáa

SKEIFUNNI / GLERÁRTORGI
ullarkistan.is



KB

Fjallabráll Útivistar

Fjallabráll hefur fest sig í sessi sem gríðarlega vinsæll gönguhópur innan Útivistar. Hópurinn er ætlaður öllum þeim sem hafa einhverja reynslu af útivist og fjallgöngum. Erfiðleikastig ferða er 1-2 skór. Miðað er við að dagsferðir séu ekki meira en um 15 km og uppsöfnuð hækkun í dagsferðum ekki meiri en um 600 metrar.

Í vor er gengið 2 sinnum í mánuði að meðaltali, ein kvöldferð og ein dagsferð. Miðað er við að fólk fari á eigin bílum í ferðir. Í kvöldgöngunum hittist hópurinn kl. 18 og í dagsgöngunum hittist hópurinn ýmist kl. 8 eða kl. 9. Sameinast er í bíla og svo keyrir hópurinn í samfloti að upphafsstað göngu.

Í ferðunum er aðal áherslan á að öllum líði vel. Allir eiga að geta notið sín í hópnum og mikið er lagt upp fræðslu um útivist og þau svæði sem farið er á auk þess að njóta útiverunnar saman.

Á vorönn er boðið upp á helgarferð yfir Fimmvörðuháls. Þetta er ein af vinsælustu gönguleiðum hér á landi, yfir hálsinn á milli Skóga og Þórsmerkur. Farið verður með rútu og gíst bæði í Fimmvörðuskála og í Básum. Á haustönn er svo reiknað með að hefja starfið rétt eftir miðjan ágúst og verður helgarferð haustsins farin í Hólaskjól helgina 29.-31. ágúst.

Fararstjórar eru Fríða Brá Pálsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir og Tryggvi Guðmundsson.



GS

Fjallfarahópur Útivistar

Fjallfarar munu á vorönn 2025 æfa sig fyrir göngu á Snæfellsjökul í lok maí eða byrjun júní. Fjöldi ferða eru 10 sem skiptist í 5 kvöldferðir og 5 dagsferðir. Markmið með hópnum er að bjóða upp á frændandi og skemmtilegar göngur í góðum félagskap. Göngur Fjallfara eru 2 - 3 skór og eru þær frá miðlungserfiðum upp í erfiðar göngur, og munu taka mið af getustigi hópsins.

Dagsgöngurnar eru að jafnaði fjórða laugardag í mánuði og kvöldganga annan miðvikudag mánaðarins en gætu mögulega færst vegna veðurs. Farið er á eigin bílum í allar göngurnar. Í kvöldgöngunum er gengið af stað kl. 18 og verðum við á

áhugaverðum stöðum í Reykjavík eða í næsta nágrenni. Þegar farið er í dagsgöngurnar er oftast komið saman kl. 9 og svo keyrt í samfloti að göngubyrjun. Aðal æfingafjallið verður Esjan eða fjöll og fell sem er innan við klukkustunda akstur frá höfuðborgarsvæðinu.

Farið verður yfir notkun á jöklabúnaði og öðrum öryggisbúnaði vegna ferðar á Snæfellsjökul.

Umsjónaraðilar eru Ingvar Júlíus Baldursson og Hrönn Baldursdóttir

Reiðhjólafestingar á bílinn

Fjölbreytt úrval af traustum og öruggum festingum



Útivist hefur haft aðstöðu í Básam allt frá 1980 og skálar og öll aðstaða hefur verið byggð upp í samhentu átaki Útivistarfólks allar götur síðan.



SHS

Básar á Goðalandi

GPS-hnit N63°40,559 / V19°29,014
Símanúmer hjá skálaverði 893 2910

Skálar upphitaðir allt árið
Gistipláss í skálum eru 75 talsins
Skála skal rýma fyrir kl. 11 á brottfarardegi.
Innskráning á komudegi er eftir kl. 14.

Rafmagnshellur til eldunar
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Kolagrill
Í stóra skála eru vatnssalerni allt árið
Aðgangur að sturtum er innifalinn í skálagjaldi
Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):
7.266 kr. fyrir félagsmenn
13.500 kr. fyrir aðra

Tjaldsvæði
Salerni yfir sumartímann
Sturtur verð 600 kr. Aðeins opnar yfir sumartímann
Kolagrill
Gistigjald tjaldgesta:
Almennt verð á mann 2.400 kr.
Fyrir félagsmenn í Útivist 1.000 kr.
Gistináttaskattur á tjald 333 kr.

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Réttarfell
Útigönguhöfði
Gosstöðvar á Fimmvörðuhálsi
Tindfjöll
Hvannárgil
Þórmörk
Einstakt gönguland í fallegri náttúru

Álftavötn

GPS-hnit N63°53,890 / V 18°41,467
Gistipláss í skála eru 20 talsins
Tjaldsvæði við skála
Vatnssalerni yfir hásumarið
Gestir þurfa að koma með eigin salernispappír
Rennandi vatn yfir hásumarið
Gashellur, eldunaráhöld og borðbúnaður
Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):
5.066 kr. fyrir félagsmenn
9.400 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:
Strútslaug
Svartahnúksfjöll
Gjåtindur
Eldgjá
Steinbogi á Syðri-Ófæru

Skálinn er gamall gangnamannaskáli sem var endurreistur í samhentu átaki Útivistarfólks 2001



SM

Tindfjallasel er í eigu Flugbjörgunarveitarinnar en rekið af Útivist. Húsið var klárað og fullbúið og bætt við salernishúsi í samhentu átaki Útivistarfólks 2016 - 2020



RM

Tindfjallasel

GPS-hnit N63°45,398 / V19°41,976
Gistipláss í skála eru 30 talsins
Vatnssalerni yfir hásumarið
Rennandi vatn yfir hásumarið
Gashellur, eldunaráhöld og borðbúnaður
Verð á gistingu í skála (með gistináttaskatti):
5.666 kr. fyrir félagsmenn
10.900 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Ýmir og Ýma
Sindri
Frábært svæði til fjallaskiðaðikunnar að vetri og gönguferða að sumri.



TRUE

ORIGINALS



BUFF® is a registered trademark property of Original Buff S.A. (Spain)

ORIGINAL ECOSTRETCH

This soft, stretchy do-it-all performance headwear can be worn 12 ways, so you're covered wherever the trail takes you and your friends. Like you, the Original EcoStretch is a true original.

BUFF.COM

BUFF® fæst í öllum betri útivistarverslunum landsins.

Eldgjá endilöng – afmælisferð

Í tilefni 50 ára afmælis Útivistar verður í ágúst farin afar spennandi afmælisferð eftir endilangri Eldgjá frá norðri til suðurs. Eldgjá er 40 km löng og myndaðist í risagosi um árið 939. Hún er eitt af mestu náttúruundrum landsins. Margir kannast við hana þar sem hún sker Fjallabaksleið nyrðri en fáir hafa skoðað hana endilanga. Hér gefst einstakt tækifæri til að skoða í návígi þetta stórbrotna landslag í fylgd fararstjóra sem þekkja svæðið eins og handarbakið á sér og gista í huggulegum skálum Útivistar á leiðinni. Ferðin er trússferð. Vaðskó þarf alla göngudaga.

Fararstjóri: Hákon Gunnarsson.

4. ágúst

Við höldum úr bænum og hefjum gönguna norðan við Ljónstind. Vaðið er yfir Nyrðri-Ófæru og gengið inn með Ljónstindi að austanverðu og upp á Gjátind sem er um 943 m. Gjátindur markar einmitt norðausturenda Eldgjár. Af Gjátindi er haldið niður í Skælinga og gista í skála Útivistar fyrstu nóttina.

5. ágúst

Gengið frá Skælingaskála upp að Eldgjá og gengið með suðurbörmum hennar og útsýnis notið. Farið niður í Gjana til móts við bílastæðin og yfir Slöngukvísl á göngubrú. Svo er haldið í átt að Mórauðavatnshjúkum og gjánni fylgt ýmist utan hennar eða ofan í henni. Það er tilvalið að fara á hnjúkana ef veður er gott. Þeir eru 841 m og aukahækkun er um 200 m. Ganga dagsins um Eldgjá endar við flúðirnar í Syðri-Ófæru en svo er rölt 3 km niður að skála Útivistar við Álftavötn.

Hækkun um 350 m. Lækkun 450 m. Ganga 18 km, 7 til 8 tímar.

6. ágúst

Dagurinn hefst með því að koma sér upp að Eldgjá þar sem skilið var við hana deginum áður. Gjánni er svo fylgt til suðurs yfir Svartahnjúksfjöll að Rauðárbotnum. Við skoðum Hólmsárlónsenda og fleiri dásemdir. Nú þarf að fara yfir Hólmsána og verður vaðið valið eftir aðstæðum. Gangan endar við norðurenda Háöldu en þar verðum við sótt og ekið í skála Útivistar, Strút, þar sem við grillum og njótum okkar um kvöldið.

Hækkun um 350 m. Lækkun 250 m. Ganga 15 km, 6–8 tímar.

7. ágúst

Okkur er skutlað að Háöldu aftur og þaðan tökum við stutta göngu að suðurenda Eldgjár við Öldufell. Þar hittir rútan okkur og við förum Öldufellsleið niður á Mýrdalssand og heim.

Lítill hækkun og lækkun. Ganga um 8 km, 2 til 3 tímar.

Styrkir til líkamsræktar

Mörg stéttarfélag veita félagsmönnum sínum styrki til líkamsræktar. Margir nýta þessa styrki til að ferðast með Útivist. Við hvetjum félagsmenn til að kanna hvað þeim stendur til boða hjá sínu stéttarfélagi. Hugsanlega leynist þar möguleiki á enn frekari þátttöku í ferðum Útivistar.

Forfallatryggingar

Við vekjum athygli þátttakenda í ferðum á að kynna sér hvort ferða-, forfalla- og slysatryggingar séu hluti af fjölskyldutryggingu. Einnig má hafa í huga að þegar ferð er greidd með kreditkortu eru oft einhverjar ferðatryggingar innifaldar.

Umhverfisstefna Útivistar

Útivist hefur ávallt lagt áherslu á náttúruvernd og umhverfismál í starfsemi sinni. Til að tryggja enn frekar að starfsemi félagsins sé eins umhverfisvæn og frekast er hægt hefur verið sett fram umhverfisstefna sem unnið er eftir.

Umhverfisstefna Útivistar er:

- Að starfa í sátt við umhverfið.
- Að þekkja umhverfisáhrifin af starfsemi félagsins og reyna að lágmarka neikvæð áhrif.
- Að stuðla að aukinni umhverfisvitund félagsmanna, fararstjóra, starfsfólks, og annarra ferðalanga.
- Að stefna að því að kjörorð ferðalanga okkar séu:
 - Við tökum ekkert með okkur nema minningar.
 - Við berum virðingu fyrir öllu lífríkinu.
 - Við viljum lágmarka ummerki eftir okkur.

ÞAÐ ER EITTHVAÐ VIÐ HANA!



www.halloakureyri.is



Akureyrarbær

Upplýsingamiðstöð | Afþreying | Viðburðir | Gönguleiðir | Matur | Gisting



Sveinstindur - Skælingar

Þessi leið er ein helsta skrautfjöður Útivistar. Ferðin hefst með göngu á Sveinstind. Útsýnið yfir hinn margrómaða Langasjó, sem kúrir upp við Vatnajökul, er hreint ólýsanlegt. Í góðu skyggni má líta yfir bróðurpart hálandis Íslands. Leiðin liggur svo um fáfarnar slóðir, söndugar og mosavaxnar, meðfram Skaftá og

um leynistigu með Uxatindum og fram grösuga Skælinga. Ganga á Gjátind og um sjálfa Eldgjá er góður lokakafli á þessari margbreytilegu göngu sem lýkur í Hólaskjóli. Ferðirnar eru trússferðir.



Strútsstígur

Um sunnanvert Fjallabak liggur falleg gönguleið frá Hólaskjóli í austri og vestur í Hvanggil. Margt kætir hug og anda á þessari leið. Fagrir fossar verða á vegi okkar og fögur fjallasýn. Fyrstu nóttina er gíst í skála Útivistar við Álftavötn. Farið er um dalverpi í Hólmsárbotnum þar sem Torfajökul ber við himin og hin rómaða Strútslaug bíður göngumanna. Óhætt er að segja að umhverfi

skálans við Strút sé draumaland göngumannsins með ótal möguleikum á skemmtilegum gönguleiðum. Því er dvalið tvær nætur í Strút til að kynna þessu skemmtilega svæði. Á lokadegi göngunnar er haldið áfram frá Strút vestur yfir Veðurhals og að Hvanggili þar sem rúta sækir hópinn. Ferðirnar eru trússferðir.



NÁTTÚRULEGA FRAMÚRSKARANDI HÁSKÓLI



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



VELKOMIN Í LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS
| HVANNEYRI | WWW.LBHI.IS | 433 5000 |





GF



GF



GF

Eldri borgarar á fjöllum

Á undanföllum áratug hefur aldurssamsetning landsmanna breyst talsvert; börnum hlutfallslega fækkað og eldra fólki fjölgað. Í upplýsingum frá Hagstofnunni kemur fram að hlutfall eldra fólks hefur aldrei verið hærra á Íslandi en nú er. Sumarið 2022 ákvað Ferðafélagið Útivist að bregðast við þessari þróun og bjóða upp á bælistöðva ferðir fyrir einstaklinga sem náð hafa sextugsaldri. Það er skemmst frá því að segja að ferðirnar hafa slegið í gegn þessi þrjú sumur sem þær hafa verið í boði; valinn maður í hverju rúmi.

Bælistöðvaferð í Bása hefur verið fastur liður öll sumrin, auk ferða í Strútsskála og Dalakofann. Gist er í tvær nætur og boðið upp á gönguferðir við allra hæfi auk þess sem sumir velja að njóta kyrrðarinnar í og við skálann. Þrír fararstjórar; Guðbjartur, Guðrún og Jóhanna, sem öll eru 60+, fylgja hópnum þannig að hægt sé að mæta óskum þátttakenda um erfiðleikastig gönguferðanna. Konur voru duglegri að mæta framan af en karlarnir hafa sótt í sig veðrið og komu sterkari inn síðastliðið sumar. Skálarnir sem gist hefur verið í, hvort heldur er í Básu, Strút eða Dalakofanu hafa ekki verið aðgengilegir öðrum gestum á meðan 60+ hópur er þar á ferð.

Sameiginlegar kvöldmáltíðir, hafragrautur í morgunmat, kaffi, te og heitt súkkulaði, vöffur og rjómi eru meðal þess sem boðið hefur verið upp á í bælistöðvaferðunum.

Útivistarfélagar til fjölda ára og aðrir náttúruunnendur hafa verið duglegir að mæta og upplifa kunnugleg landsvæði og endurnýja vináttu eða jafnvel að stofna til nýrrar. Spil eru dregin fram og gjarnan spiluð kínaskák, einhverjir þrjóna, aðrir lesa eða dunda í krossgátu, en aðallega er spjallað og hlegið. All margir hafa farið úr fyrir eigin þægindaramma í 60+ ferðunum og upplifað að geta mun meira en þeir héldu þegar lagt var af stað. Slíkir sigrar toga fólk gjarnan á ný til fjalla til að endurupplifa náttúruna og auka þol og þrek. Hvers kyns útivera er til þess fallið að styrkja líkamlega heilsu fólks og góður félagsskapur er gulls í gildi fyrir andlega næringu. Ferðafélagið Útivist er því að leggja sitt að mörkum til að bæta lífskjör þeirra einstaklinga sem velja að taka þátt í 60+ ferðum félagsins.

Sumarið 2025 verður bælistöðvaferð í Bása dagana 15. – 17. júlí. Ferðin í Strútsskála verður sólarhring lengri en áður hefur verið eða 11. – 14. ágúst.



GF



GF

Ekki vera í fýlu á ferðalaginu!

Efnavörur í ferðasalerni


WALEX



kemi ehf | Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík | 415 4000 | kemi@kemi.is | kemi.is

Kemi

Þú finnur bílavarahlutina á
www.kemi.is



kemi ehf | Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík | 415 4000 | kemi@kemi.is | kemi.is

Kemi

Óskum Útivist til hamingju með 50 árin

**12 volta ísskápar með pressu
50 til 220 lítra**

Ný lína!



**Miklu minni rafmagnseyðsla
en eldri gerðir**



**Úrval rafgeyma í öll afþreyingartæki & sumarhús
Gel, AGM, sýru & Lithium rafgeymar**



**Sólarrafhlöður
Allt að 405 wött**

**Gasvatnshitari
Sjálfvirkur**



SUNWIND

**Gastæki, perur,
12v kælikápar & fleira**



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Kíktu á vefverslunina! www.skorri.is

TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



Við fylgjum þér með hlýju

Holl útivist allt árið er með því besta sem við gerum til að viðhalda heilbrigði og vellíðan. Og það er ómetanleg tilfinning að finna hlýjuna umlykja sig og allan búnað virka – í hvaða veðri sem er. Þú færð hágæða útivistarföt frá Arc'teryx í Fjallakofanum.





FJALLA
KOFINN



Við fylgjum þér hvernið sem viðrar

Holl útivist allt árið er með því besta sem við gerum til að viðhalda heilbrigði og vellíðan. Og það er ómetanleg tilfinning að finna hlýjuna umlykja sig og allan búnað virka – í hvaða veðri sem er. Þú færð hágæða útivistarföt frá Arc'teryx í Fjallakofanum.

